

Háskólinn á Akureyri og Félag prófessora við ríkisháskóla (FPR)  
Viðauki við stofnanasamning vegna breytinga á kjarasamningi félagsins við  
fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs 12. desember 2019

Viðauki þessi gildir frá 1. september 2020.

### 1. Röðun í launaflokka og launaprep

Frá 1. september 2020 raðast prófessorar í launaflokka akademískrar launatöflu eins og fram kemur í töflu 1A. Stig eru metin samkvæmt samræmdu matskerfi opinberu háskólanna.

Tafla 1A

|               | Rannsóknastig | Heildarstig | Lfr.  |
|---------------|---------------|-------------|-------|
| Prófessor I   | <135          | <250        | L08-1 |
| -             | 135-269       | 250-374     | L09-1 |
| Prófessor II  | 270-334       | 375-499     | L10-1 |
| -             | 335-399       | 500-624     | L11-1 |
| Prófessor III | 400-474       | 625-749     | L12-1 |
| -             | 475-549       | 750-899     | L13-1 |
| Prófessor IV  | 550-649       | 900-1049    | L14-1 |
| -             | 650-749       | 1050-1199   | L15-1 |
| Prófessor V   | 750-999       | 1200-1599   | L16-1 |
| Prófessor VI  | 1000-1499     | 1600-1999   | L17-1 |
| Prófessor VII | 1500>         | 2000>       | L18-1 |

Röðun í launaprep 1-8 fer eftir stigum fyrir B, C, D, E og F hluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. töflu 1B. Röðun í launaprep ræðst af uppsöfnuðum stigum fyrir matsþætti þessa. Stigatalning samkvæmt töflu 1B kom fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015.

Tafla 1B

| Launaprep | 1   | 2  | 3   | 4   | 5   | 6   | 7   | 8   |
|-----------|-----|----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
|           | <50 | 50 | 100 | 150 | 300 | 450 | 600 | 800 |

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa prófessora á milli launaflokka og launaprepa. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta skv. staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknaskýrslu, sbr. matskerfi opinberu háskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkun um launaflokka- og/eða launaprep frá sama tíma. Við röðun í launaflokk er heimilt að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþátta á rannsókn- og/eða kennslustig.

### Fyrirvari með röðunarforsendum í launaflokka og launaprep

Stofnanasamningur miðast við samræmdar matsreglur opinberra háskóla eins og þær eru við undirskrift samningsins. Ef endurskoðun á matsreglunum leiðir til breytinga á stigagjöf verða röðunarforsendur skv. töflu 1A og 1B endurskoðaðar af aðilum samningsins.


### 2. Sérstaða prófessora

Í töflu 1B er við það miðað að sérstaða prófessora afmarkist með einu launaprepi, samanber bókun 2 í kjarasamningi Félags prófessora við ríkisháskóla frá 25. nóvember 2014.


### 3. Tilfærsla starfspátta prófessora

Samningsaðilar munu á samningstímanum ræða nánari útfærslu á yfirvinnu prófessora og skiptingu milli hennar milli kennslu og annarar þjónustu. Niðurstaða þeirra viðræðna liggja fyrir við lok ársins 2020. Staðfest er af rektor Háskólans á Akureyri að skólinn muni ekki standa að breytingum á starfsskyldum prófessora án samkomulags við félagið.

Reykjavík 12. desember 2019



F.h. Háskólans á Akureyri



F.h. Félags prófessora við ríkisháskóla